



**Hér á eftir er að finna upplýsingar sem gefa til kynna stöðu á nokkrum mikilvægum samkeppnismörkuðum**

**Efni:**

- Stjórnvaldssektir gefa vísbendingu um ástand á mörkuðum
- Afskipti af samrunum gefa til kynna ástand á mörkuðum
- Álit og skýrslur gefa til kynna ástand á mörkuðum
  
- Aðferðafræði við mat á samkeppnisstöðu.
- Yfirlit yfir samþjöppun á nokkrum mörkuðum.
- Nánar um stöðuna á mikilvægum samkeppnismörkuðum.

Athuga ber að í umfjöllun þessari er ekki leitt líkum að beitingu nýrrar heimildar um uppskiptingu fyrirtækja, sem nú er til meðferðar hjá viðskiptanefnd

### Stjórnvaldssektir gefa vísbendingu um ástand á mörkuðum Stjórnvaldssektir á árunum 2008 – 2010, eftir mörkuðum

	Ákv.	Fyrirtæki	Eðli brots	Sektir	Áfrýjunar- nefnd
<b>Matvörumarkaðir</b>					
1.	6/4/2008	Hagar hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	315.000.000	315.000.000
2.	22/2009	Hagar hf.	Brot á banni við framkvæmd samruna (kaup á BT)	20.000.000	20.000.000
3.	27/2008	Fiskmarkaður Íslands hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	10.000.000	7.000.000
4.	9/2009	Bændasamtök Íslands	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja (vegna matvöruverðs)	10.000.000	7.000.000
5.	5/2009	Félag Íslenskra stórkaupmanna	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja (vegna matvöruverðs)	1.000.000	Ekki kært
6.	10/2008	Samtök Iðnaðarins	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja (vegna matvöruverðs)	2.500.000	Ekki kært
7.		Samtök verslunar og þjónustu	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja (vegna matvöruverðs)	1.000.000	Ekki kært
8.	32/2008	Sundagarðar ehf.	Brot á tilkynningaskyldu um samruna (á kjötvinnslufyrirtæki)	750.000	750.000
<b>Fjarskipti og fjármálaþjónusta</b>					
9.	Sátt júní 2010	Síminn hf.	Ólöglegt samráð vegna innflutnings- og sölu farsíma	400.000.000	Málið enn í meðferð SE
10.	41/2009	Síminn hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	150.000.000	50.000.000
11.	27/2009	Teymi hf.	Ólöglegt samráð og brot á fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins	70.000.000	Ekki kært

### Stjórnvaldssektir gefa vísbendingu um ástand á mörkuðum - framhald

	Ákv.	Fyrirtæki	Eðli brots	Sektir	Áfrýjunar- nefnd
<b>Fjármála- og fjárfestingarmarkaðir</b>					
12.	4/2008	Greiðslumiðlun hf. (Valitor)	Ólöglegt samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu	385.000.000	Ekki kært
13.		Kreditkort hf (Borgun)	Ólöglegt samráð	185.000.000	Ekki kært
14.		Fjögreiðslumiðlun hf. (FGM)	Ólöglegt samráð	165.000.000	Ekki kært
<b>Lyfjamarkaður</b>					
15.	4/2010	Lyf og hellsa	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	130.000.000	100.000.000
<b>Aðrir markaðir</b>					
16.	23/2009	Sena ehf.	Brot á banni við framkvæmd samruna (kaup á Skifunni)	15.000.000	15.000.000
17.	14/2009	Vélar og verkfæri	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	15.000.000	10.000.000
18.	29/2008	Geysir Green Energy	Brot á tilkynningaskyldu um samruna	500.000	Ekki kært
19.	37/2009	Eignarhaldsfélagið Fengur ehf.	Brot á banni við framkvæmd samruna (kaup á Ferðaskrifstofu Íslands)	10.000.000	Ekki kært
				<b>1.885.750.000</b>	

### Afskipti af samrunum gefa vísbendingu um ástand á mörkuðum Bankayfirtökur - íhlutun í samruna 2009 – 2010

<b>Matvörumarkaður</b>			
1.	6/2010	Yfirtaka Arlon banka hf. Högum	Samruna sett ítarleg skilyrði
<b>Fjarskiptamarkaður</b>			
2.	7/2010	Samruni Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. (NBI) og Teymls hf.	Samruna sett ítarleg skilyrði
<b>Fasteignamarkaður</b>			
3.	22/2010	Yfirtaka Íslandsbanka á Elk Properties ehf.	Samruna sett ítarleg skilyrði
4.	21/2010	Yfirtaka Arlon banka á Þyrpingu	Samruna sett ítarleg skilyrði
5.	19/2010	Yfirtaka Regins ehf. (Arlon banki) á Fasteignafélagi Íslands ehf.	Samruna sett ítarleg skilyrði
6.	15/2010	Yfirtaka Arlon banka, NBI, Íslandsbanka, Haf funding og Giltis á Reitum fasteignafélagi	Samruna sett ítarleg skilyrði
<b>Byggingamarkaður</b>			
7.	10/2010	Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. (NBI) á Húsamíðjunni	Samruna sett ítarleg skilyrði
<b>Flugmarkaður</b>			
8.	33/2009	Samruni Íslandsbanka og Icelandair Group	Samruna sett skilyrði
<b>Fjármálamarkaður</b>			
9.	49/2009	Yfirtaka Kaupþings banka á Arlon banka	Samruna sett skilyrði
10.	48/2009	Yfirtaka Giltis á Íslandsbanka	Samruna sett skilyrði
<b>Bifreiðabúnaður og -leigur o.fl.</b>			
11.	8/2010	Yfirtaka Íslandsbanka hf. á B&L og Ingvarl Helgasoni	Samruna sett ítarleg skilyrði
12.	16/2010	Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Bevis (Alp bílaleiga)	Samruna sett ítarleg skilyrði
13.	20/2010	Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Plastrenti	Samruna sett ítarleg skilyrði

### Afskipti af samrunum gefa vísbendingu um ástand á mörkuðum Aðrir samrunar sem taldir voru skaðlegir 2008 – 2010

<b>Matvörumarkaður</b>			
14.	40/2009	Samruni KS og Mjólu / Eyjabús ehf.	Samruni talin skaðlegur samkeppni en íhlutun óheimil vegna búvörlaga
<b>Fjarskipti og fjölmíðlar</b>			
15.	36/2008	Samruni Teymls hf. (Og Vodafone) og IP-fjarskipta (Taf)	Samruna sett ítarleg skilyrði
	6/2009	Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins og Pósthússins	Samruni ógiltur
<b>Fjármálamarkaður</b>			
16.	2/2009	Kaup Valitors hf. á öllu hlutafé í Euro Refund Group North á Íslandi ehf. (Tax Free)	Samruni ógiltur
17.	51/2009	Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Mýrasýslu	Ekkil forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu sparisjóðsins
18.	50/2009	Samruni Kaupþings banka hf. og SPRON	Ekkil forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu sparisjóðsins
19.	5/2008	Kaup Kaupþings banka á helmingi hlutafjár í Einkaklóbnum	Samruna sett skilyrði
<b>Orkumarkaður</b>			
20.	30/2009	Samruni Geysis Green Energy og HS Orku	Samruna sett skilyrði
<b>Fólksflutningar</b>			
21.	17/2008	Samruni Reynlmels og Kynnisferða	Samruna sett skilyrði
<b>Smásala, afþreying o.fl.</b>			
22.	20/2009	Samruni Haga og BT verslana	Samruni afturkallaður vegna frumliðurstöðu Samkeppniseftirlitsins
23.	15/2009	Kaup Laugarásblíðs á 50% hlut af Senu	Samruni ógiltur
24.	12/2009	Samruni Senu ehf og Skifunnar	Samruna sett skilyrði
25.	6/2008	Samruni JPV útgáfu efn og Vegamóta (Forlagið)	Samruna sett ítarleg skilyrði

## Álit gefa til kynna frammistöðu stjórnvalda gagnvart samkeppni Nokkur álit og skýrslur á árunum 2008 – 2010

### Almenn tilmæll til stjórnvalda til að efla samkeppni

1.	Álit nr. 4/2009	Opinber útböð, samkeppni og samkeppnishömlur	Því beint til opinberra aðila að belta útböðum þegar því verður við komið og jafnframt fylgjast markvisst með því að farið sé að samkeppnislögum við framkvæmd útböða. Álitinu fylgir gáttlisti sem auðveldar á útböðsaðilum að koma auga á ólöglegt samráð.
2.	Álit nr. 3/2009	Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni	Því beint til umhverfisráðherra að belta sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja að horft sé til samkeppnissjónarmiða við skipulag og úthlutun lóða. Jafnframt því beint til sveitarfélaga að hafa tiltekna átta meginreglur að leiðarljósi við skipulag og úthlutun lóða.
3.	Álit nr. 2/2009	Samkeppnismat stjórnvalda	Því beint til forsætisráðherra að stuðla að því að stjórnvöldum verði gert skýtt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Lögð er fram tillaga að verklagi.
4.	Skýrsla nr. 2/2008	Óflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi	Fimmtán mikilvægir samkeppnismarkaðir greindir, bant á tiltekna samkeppnishindranir á þeim og því beint til stjórnvalda og atvinnulífsins að draga úr þeim eða ryðja úr vegi, í því skyni að flýta efnahagsbata.

### Fjármálamarkaður

5.	Álit nr. 3/2008	Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.	Því beint til viðskiptabanka í elgu ríkisins að við ákvarðanir sem áhrif gætu haft á framtíð fyrirtækja og samkeppni væri höfð hliðsjón af tilteknum meginreglum sem gerð var grein fyrir í álitinu.
6.	Umræðuskijal nr. 2/2009	Bankar og endurskiplagning fyrirtækja – stefnumörkun	Fjallað um skuldavanda Íslenskra fyrirtækja og samkeppnileg álitæfni tengd honum. Sett fram nokkur kjarnasjónarmið sem Samkeppniseftirlitið telur að hafa elgi að leiðarljósi við endurskiplagningu fyrirtækja og leitað viðherta hagsmunaaðila.

## Álit gefa til kynna frammistöðu stjórnvalda gagnvart samkeppni Nokkur álit og skýrslur á árunum 2008 – 2010

### Matvörumarkaður

7.	Álit nr. 1/2009	Skaðleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörlaga á samkeppni	Í tilefni af skaðlegum samruna KS og Mjólklu, sem búvörlög meinuðu Samkeppniseftirlitinu afskipti af, var því beint til landbúnaðarráðherra að hann beltti sér fyrir afnámi ákvæða sem helmuðu mjólkurafurðastöðvum að hafa með sér samráð og sameinast án afskipta samkeppnisyrivalda. Jafnframt að kannaðar yrðu leiðir til að koma á samkeppni má markaðnum. Auk þess voru gerðar athugasemdir við verklag ráðuneytisins við undirbúning frumvarpa.
8.	Álit nr. 1/2008	Fóðurtollar á fôðurbíöndur	Því beint til landbúnaðarráðherra að hann beltti sér fyrir því að afnema tolla á fôðurbíöndum. Bent á mikið fátæppi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á fôðri fyrir jörturdýr, svin og allifugla.
9.	Skýrsla nr. 1/2008	Viðskiptasamningar birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði	Greint frá niðurstöðum athugunar á viðskiptasamningum 70 birgja við endursöluaðila. Gerð grein fyrir því að mörg ákvæði samninga kynnu að stangast á við samkeppnislög og því beint til viðkomandi aðila að breyta samningum í þeim tilvikum. Sérstaklega var fjallað um forverðmerkingar matvara og starfsemi hagsmunasamtaka á matvörumarkaði.

### Vinnumiðlanir - Flugmarkaður - fjölmíðlar

10.	Álit nr. 1/2010	Þátttaka Vinnuálastofnunar á markaði fyrir vinnumiðlun og atvinnuauðlýsingar	Því beint til Vinnuálastofnunar að huga að aðgerðum til þess að örva samkeppni á markaði fyrir vinnumiðlanir.
11.	Álit nr. 2/2008	Úthlutun ríkisstyrks til áætlunarflugs milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur	Gerðar athugasemdir við verklag Vegagerðarinnar og samþinguráðuneytis við úthlutun ríkisstyrks.
12.	Álit nr. 4/2008	Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi RÚV á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakablöðum	Gerðar athugasemdir við starfsemi RÚV og því beint til menntamálaráðherra að belta sér fyrir breytingum þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði.

### Við mat á markaðsstyrk er samkeppnismarkaður skilgreindur

- Vöru- og þjónustumarkaður: Staðgönguvara eða –þjónusta telst á sama markaði. Staðgönguvara er vara sem að verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Það sem ræður því hvort vara er á sama markaði er t.d. einkenni hennar, verð og áformuð notkun. Samkvæmt þessu eru t.d. allir gosdrykkir á sama markaði en ekki gosdrykkir og kaffi.
- Landfræðilegur markaður: Markaðir geta verið staðbundnir, svæðisbundnir, landsmarkaðir eða alþjóðlegir. Skiptir máli í þessu sambandi t.d. hvort nálægð við kaupendur sé nauðsynleg. Ef svo er eru markaðir alla jafna staðbundnir. Þannig eru smásölumarkaðir yfirleitt staðbundnir, t.d. höfuðborgarsvæðið. Í málum sem varða framleiðslu eða innflutning eru landfræðilegir markaðir yfirleitt skilgreindir sem landið allt. Ef t.d. flutningskostnaður á vöru er hlutfallslega lítill og engar hindranir á innflutningi gæti markaður verið alþjóðlegur.

Markaður viðkomandi máls er þá niðurstaðan af framangreindu, t.d. smásala lyfja á Akranesi eða flug milli Keflavíkur og London.



### Við mat á eðli samkeppni á viðkomandi markaði og hvort fyrirtæki sé markaðsráðandi er horft til margra atriða

- Markaðshlutdeild fyrirtækja á markaðnum hefur almennt mesta þýðingu. Líkur á að fyrirtæki sé markaðsráðandi ef það hefur 50% eða meira í markaðshlutdeild en skoða verður stöðu keppinauta. Fyrirtæki geta verið markaðsráðandi þó hafi minna en 50% hlutdeild.
- Efnahagslegur styrkleiki fyrirtækja skiptir talsverðu máli t.d. varðandi möguleika fyrirtækja til að taka þátt í verðstríði.
- Aðgangshindranir að markaðnum, sem gera nýjum keppinauti erfitt að komast inn á hlutaðeigandi markað. Geta verið af lagalegum (reglur um sem gilda) eða efnahagslegum toga (t.d. markaðskostnaður, markaði lokað með samningum öflugra keppinauta við viðskiptavini, orðspor)
- Afkastageta fyrirtækja. Getur haft mikið að segja um möguleika fyrirtækja á að ná sér í aukin viðskipti (t.d. fjöldi eða stærð verslana).
- Stærðar- og/eða breiddarhagkvæmni styrkir stöðu fyrirtækja (t.d. að stærri fyrirtæki þjóni fleiri en einum markaði sem sömu framleiðslutækjum).
- Starfsemi systur- og/eða dótturfélaga á tengdum mörkuðum



## Við mat á samþjöppun er m.a. stuðst við sérstakan mælikvarða (Herfindahl-Hirshman Index, HHI)


HHI-stuðullinn byggir á kenningum klassíkrar hagfræði um áhrif fjölda og hlutfallslegrar stærðar fyrirtækja á samkeppni á viðkomandi markaði. Nefna má að í samrunamálum er horft til breytinga sem á honum verða við samruna.

Gildi HHI stuðulsins er á milli 0 og 10.000, en því hærra sem það er þeim mun meiri er markaðssamþjöppunin. Þannig er gildið 10.000 sé aðeins eitt fyrirtæki á markaðnum, en því sem næst 0 séu fyrirtækin á markaðnum öll með örlitla markaðshlutdeild:


- 1000 eða minna = lítil samþjöppun á markaðnum
- 1000 – 1800 = miðlungs samþjappaður markaður
- 1800 og meira = mjög samþjappaður markaður.

HHI stuðullinn er reiknaður með því að leggja saman ferningstölur markaðshlutdeilda (þ.e. markaðshlutdeild í öðru veldi) þeirra fyrirtækja sem eru á þeim markaði sem við á.

## Mikil samþjöppun er á heistu samkeppnismörkuðum HHI- stuðlar á nokkrum mörkuðum (m.v. síðustu útreikninga)



### Mjólk og kjöt:



## Um matvörumarkað - smásölu

Samkeppnisýfirvöld hafa á liðnum árum haft mörg mál til meðferðar sem varða matvörumarkaðinn. Stærsta málið er þó svokallað mjólkurmál þar sem Samkeppniseftirlitið sektaði Haga um 315 m.kr. fyrir ólögmeata undirverðlagning verslanakeðjunnar Bónuss á algengust tegundum mjólkurvara, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 *Misnotkun Haga hj. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*. Mál þetta býður nú niðurstöðu Hæstaréttar en bæði áfrýjunarnefnd samkeppnismála með úrskurði sínum nr. 2/2009 og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá febrúar 2010 hafa staðfest að Hagar brutu 11. gr. samkeppnislaga með ólögmeatri undirverðlagningu á mjólk og mjólkurvörum á um eins og hálfis árs tímabili. Um stöðu Haga á matvörumarkaðnum segir eftirfarandi í dómi Héraðsdóms:

*„Dómurinn fellst á að stefnandi hafi verið í markaðsráðandi stöðu á umræddu tímabili og hafnar þar með röksemdum stefnanda fyrir því að svo hafi ekki verið. Eins og að framan greinir aflaði stefnda Samkeppniseftirlitið gagna meðal matvöruverslana á markaði auk þess sem aflað var upplýsinga frá Ríkisskattstjóra um minni verslanir. Dómurinn metur þessar upplýsingar nægjanlega traustar til að byggt verði á þeim við úrlausn málsins.“*

Þá segir í dóminum:

*„Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um fyrstu tvö atriðin, sem dómurinn telur eðlilegt að leggja til grundvallar mati á því hvort fyrirtæki hafi haft markaðsráðandi stöðu, þ.e. markaðshlutdeild og samanburð við markaðshlutdeild annarra fyrirtækja, telur dómurinn að stefnandi hafi verið í markaðsráðandi stöðu á þeim tíma sem verðstríðið stóð yfir. Þá svo að dómurinn telji að þriðja atriðið sem nefnt er að framan, þ.e. aðgangshindranir að markaði, ráði ekki úrslitum þegar meta skal hvort stefnandi hafi verið í markaðsráðandi stöðu, liggja fyrir upplýsingar um stærðarhagkvæmni og efnahagslegan styrkleika stefnanda og hagræðingu sem stefnandi hafði af rekstri birgða- og dreifingarhússins Aðfanga sem styrkja enn frekar þá niðurstöðu að stefnandi hafi verið í markaðsráðandi stöðu.“*

## Um mjólk

- Fjallað var um mjólkurvörumarkaðinn í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2009 er varðaði samruna KS og Mjólkú. Þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi talið samrunann skaðlegan samkeppni skorti eftirlitið valdheimildir til íhlutunar vegna ákvæða búvörulaga. Í ákvörðuninni var stöðunni á markaðnum lýst svo:

*„[...] samkeppni í mjólkuriðnaði á Íslandi hefur verið afar takmörkuð undanfarið ár [...]. Þá hefur innflutningur hér á landi á mjólkurvörum verið afar takmarkaður með tollkvótum og á annan hátt, en innflutningur sem hlutfall af heildarframleiðslu er óverulegur. Samkeppnin hefur fyrst og fremst verið á milli Mjólkú og framangreinda fyrirtækja innan SAM. Hvorki íslenskir neytendur né bændur í mjólkurframleiðslu hafa því notið góðs af virkri samkeppni á umræddum mörkuðum nema af þessu takmarkaða leyti á meðan samkeppni frá Mjólkú naut við. Með sameiningu Mjólkú og KS er nú um einokun að ræða á íslenskum mjólkurmarkaði. Öll mjólkursamlög landsins eru nú sameinuð undir merkjum MS og KS, enda nán tengsi á milli félaganna, sbr. umfjöllun hér að framan. Félagin munu þannig fara með nærri 100% markaðshlutdeild.“*

- Samhlíða framangreindri ákvörðun gaf Samkeppniseftirlitið út álit vegna skaðlegrar samþjöppunar í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni, sbr. álit nr. 1/2009. Um stöðuna sagði m.a. svo í álitinu:

*„[MS og KS] hafa þannig nýtt sé heimildir búvörulaga til samráðs sín á milli, sem að öðrum kosti væri ólögmeæt samkvæmt samkeppnislögum. Af þessum miklu samráðstengslum leiðir að líta ber á MS og KS sem einn og sama aðilann í viðskiptalegu tilliti. Samanlagt höfðu MS og KS ált að 95% markaðshlutdeild á heildarmarkaði fyrir mjólkurafurðir. Með [samruna KS og Mjólkú] hækkar sú hlutdeild upp í nærri 100%.“*

## Um viðskiptabankamarkað

- Samkeppniseftirlitið tók viðskiptabankamarkað til ítarlegrar skoðunar í ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis*. Niðurstaðan í málinu var þó sú að heimila samrunann þar sem fjárhagsstaða SPRON leiddi til þess að engin önnur niðurstaða væri tæk í málinu en að heimila samrunann. Í ákvörðuninni var stöðunni á markaðnum lýst svo:

*„Samkeppniseftirlitið telur að viðskiptabankarnir; Landsbanki Íslands, Kaupþing og Glitnir séu í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabanka-þjónustu við einstaklinga og fyrirtækjaþjónustu við smærri fyrirtæki. Telur Samkeppniseftirlitið að þar sé um svæðisbundna markaði að ræða þar sem vöruframboð er einsleitt, markaðurinn gagnsær og aðstæður allar með þeim hætti að þær ýta undir samhæfða hegðun keppinauta. Hefur hegðun viðskiptabankanna þriggja sem hér voru taldir upp verið að meginstefnu til samhæfð að minnsta kosti frá aldamótunum síðustu.“*

- Í málum er varða yfirtökur stóru viðskiptabankanna þriggja á atvinnufyrirtækum að undanförmu hefur verið vísað til framangreindrar greiningar. Í ákvörðun nr. 10/2010, *Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Húsasmiðjunni ehf.*, segir um þetta:

*„Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2009, Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.“*



## Um greiðslukortamarkað

- Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 *Kaup Valitors hf. á öllu hlutafé í Euro Refund Group North á Ísland ehf. (Tax Free)*, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/2009, var komist að þeirri niðurstöðu að Valitor hf. væri í markaðsráðandi stöðu. Að sömu niðurstöðu hefur verið komist í eldri máli, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, en í þeirri ákvörðun var Valitor (áður Greiðslumiðlun) sektað um 385 m.kr. vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og ólögmeis samráðs.
- Helsti undirmarkaður varðandi notkun greiðslukorta er markaður fyrir færsluhirðingu hjá söluaðilum. Á þeim markaði eru þrjú aðilar, Valitor hf., Borgun hf. og PBS/Kortþjónustan ehf. Þróunin frá árinu 2008 er sú að markaðshlutdeild Valitors hf. hefur minnkað en aukist hjá hinum báðum. Samanlagt er markaðshlutdeild Valitors hf. og Borgunar hf. yfir 90%.
- Í júlí 2009 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit á starfsstöð Valitors hf. vegna gruns um brot félagsins á 11. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir. Nokkur önnur mál tengd greiðslukortamarkaði eru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu.
- Valitor hf. og Borgun hf. eru í eigu banka og sparisjóða. Önnur helstu fyrirtækin sem koma að greiðslukortastarfsemi og greiðslumiðlun í landinu eru Fjölgreiðslumiðlun hf. og Reiknistofa bankanna sem bæði eru í eigu banka og sparisjóða auk Valitors hf. og Borgunar hf. Eignarhald félaga á þessum markaði er mjög samtvinnuð.





## Um fjarskiptamarkað

- Skipti hf. (Síminn hf. og Milla hf.), áður Landssími Íslands hf., hafa ítrekað verið talin vera í markaðsráðandi á fjarskiptamarkaði og tilheyrandi undirmörkuðum. Nefna má í þessu sambandi ákvörðun nr. 21/2005 *Erindi Og fjarskipta hf. vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við kynningu og markaðssetningu á tilboði fyrirtækisins undir heitinu „Allt saman hjá Símanum“*, ákvörðun nr. 17/2007, *Erindi Og fjarskipta hf. Vegna meintrar misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu á farsímamarkaði*, og bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, *Meint brot Símans hf. með tilboði í 3G netlykil og áskrift*.
- Einn helsti undirmarkaður varðandi fjarskipti er markaður fyrir farsímaþjónustu. Á þeim markaði eru fimm aðilar í dag, Síminn hf., Vodafone, Nova ehf., Tal og Alterna ehf. (byrjaði í apríl 2010). Þróunin frá árinu 2008 er sú að markaðshiutdeild Nova ehf. hefur aukist á kostnað Símans og Vodafone.
- Í apríl 2010 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit á starfsstöð Símans hf. og Tæknivara ehf. vegna gruns um brot á 11. gr. samkeppnislaga. Í framhaldinu var farið í húsleit hjá Hátækni ehf. vegna gruns um samráð við Tæknivörur ehf. Sátt var gerð við Skipti hf./Tæknivörur ehf. í samráðsmálinu með 400 m.kr. sekt. Niðurstaða að öðru leyti í þeim málum liggur ekki fyrir. Nokkur önnur mál tengd fjarskiptamarkaði eru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu.



## Um áætlunarflug til og frá Íslandi

- Samkeppnisyrivöld hafa í tveimur málum fjallað um misnotkun Icelandair á markaðsráðandi stöðu á flugleiðunum Keflavík-Kaupmannahöfn og Keflavík-London. Niðurstaðan í þessum málum var sú að félagið hefði brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga með undirverðlagningu á fargjöldum á flugleiðunum þegar Iceland Express var að hasla sér þar völl. Síðara málið frá árinu 2007 fór fyrir dómstóla og bíður nú niðurstöðu Hæstaréttar. Í dómi héraðsdóms málinu frá því febrúar 2010 segir eftirfarandi um stöðu Icelandair:

*„Þegar virtar eru tekjur ásamt fjölda farþega fyrir tímabilið mars 2003 til desember 2004, sem gerð er grein fyrir í úrskurði áfrýjunarnefndar og ákvörðun stefnda, fellst dómurinn á að markaðshlutdeild stefnanda á þessu tímabili hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið í markaðsráðandi stöðu á hinum skilgreindu mörkuðum á þessu tímabili, enda er meginregla í samkeppnisrétti að fyrirtæki sem er með 50% markaðshlutdeild eða meira á hinum skilgreinda markaði er talið markaðsráðandi, nema skýr sönnunargögn bendi til annars.“*

- Þá taldi dómurinn sýnt að um aðgangshindranir hefði verið að ræða þegar atvik málsins áttu sér stað. Ljóst væri að þó Iceland Express hefði aukið umsvif sín og byði upp á flug til fleiri áfangastaða væri staða Icelandair eftir sem áður sterk. Samkvæmt upplýsingum Flugmálastjórnar frá árinu 2008 var hlutdeild Icelandair þá miðað við fjölda farþega í áætlunarflugi til og frá landinu 75-80%. Þá má nefna að Icelandair og Icelandair Group (móðurfélag Icelandair) er nú undir yfirráðum Íslandsbanka hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2009 *Samruni Íslandsbanka hf. og Icelandair Group hf.*



### Um sjóflutninga - áætlunarsiglingar

- Staða skipafélaganna á mörkuðum fyrir áætlunarsiglingar til og frá Íslandi var til skoðunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 *Misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu sinni*, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008. Eftirfarandi segir í úrskurðinum um stöðu Eimskips:

*„Af þessu leiðir að mati áfrýjunarnefndarinnar að áfrýjandi [Eimskip] hafi verið í markaðsráðandi stöðu á mörkuðum fyrir farmflutninga með reglubundnum áætlunarsiglingum milli Íslands og hafna í Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku hins vegar á því tímabili sem mál þetta tekur til, þ.e. árunna 1999-2002. Markaðshlutdeild Samskipa og styrkleiki þess félags að öðru leyti er þó umtalsverður. Styrkleikamunur samkvæmt fyrrgreindum viðmiðunum milli umræddra samkeppnisfélaga er þó það mikill að það breytir ekki þeirri meginályktun að áfrýjandi [Eimskip] hafi verið í markaðsráðandi stöðu umrætt sinn í skilningi 11. gr. samkeppnislaga.“*

- Nýrri mál sem varða áætlunarsiglingamarkaðinn sýna að þessi sterka staða Eimskips hefur ekki breyst. Reyndar stóð félagið sem kunnugt er illa fjárhagslega eftir fall viðskiptabankanna en nýir eigendur hafa komið að rekstrinum og hefur það verið fjárhagslega endurskipulagð. Um þessa endurskipulagningu og stöðu Eimskips var fjallað um í ákvörðun nr. 46/2009, *Ósk Hf. Eimskipafélags Íslands og Samskipa hf. um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfi í sjóflutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku*. Þar segir m.a.:

*„Ljóst er samkvæmt þessu að Eimskip hefur gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og er komið í eigu öflugra aðila. Í ljósi þessa og þeirra yfirburða sem Eimskip enn hefur í markaðshlutdeild telur Samkeppniseftirlitið að félagið sé í markaðsráðandi stöðu.“*

### Um lyfjamarkað

- Ítarlega var fjallað um markað fyrir smásölu á lyfjum í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2010, *Misnotkun Lyfja og heilsu hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2010. Málið tók til samkeppnishamlandi hegðunar Lyfja og heilsu á markaðnum fyrir smásölu lyfja á Akranesi þegar nýr keppinautur opnaði þar apótek. Í úrskurði áfrýjunarnefndar segir eftirfarandi um stöðu Lyfja og heilsu á Akranesi:

*„Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að þegar horft er til markaðshlutdeildar áfrýjanda [Lyfja og heilsu], fjárhagslegra og efnahagslegra yfirburða ásamt stærðar- og breiddarhagkvæmni vegna fjölda lyfjaverslana, annarra þeirra atriða sem getið hefur verið og þeirra atriða sem getið er um í hinni áfrýjuðu ákvörðun, þá sé niðurstaðan sú að áfrýjandi [Lyf og heilsa] hafi verið í markaðsráðandi stöðu á þeim tíma þegar atvik málsins áttu sér stað.“*

- Í samrunamáli frá árinu 2006 þar sem ógilt var yfirtaka DAC ehf. (dótturfélags Lyfja og heilsu) á Lyfjaveri var komist að þeirri niðurstöðu að Lyf og heilsa og Lyfja væru sameiginlega markaðsráðandi í smásölu á lyfjum á höfuðborgarsvæðinu. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/2006 í málinu segir m.a. eftirfarandi um stöðuna á höfuðborgarsvæðinu og hvaða áhrif samruninn hefði að óbreyttu haft:

*„Þegar lítið er til eignatengsla á milli DAC annars vegar og Lyfja og heilsu hins vegar má ætla að sameiginleg markaðsráðandi staða Lyfju og Lyfja og heilsu á smásölumarkaði lyfja myndi styrkjast við samrunann ef af honum yrði.“*

- Í áður nefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2010 var staðan á höfuðborgarsvæðinu aftur tekin til skoðunar. Kom þá í ljós að nýrri upplýsingar bentu ekki til að þessi staða stóru lyfjakeðjanna á höfuðborgarsvæðinu hefði breyst að þessu leyti. Um þetta sagði m.a.:

*„Sú staðreynd að Lyf og heilsa gátu sett sér þá verðstefnu að vera óvallt með lítið eitt hærra verð en Lyfja sýnir með skýrum hætti fram samhæfingu milli keðjanna tveggja og á skort á samkeppni.“*